



**Ávarp  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Í árdaga aldarinnar öðluðust Íslendingar rétt til heimastjórnar og sjálfræðis á flestum sviðum. Viljinn til framfara var ríkur. Vélar og tæki gáfu fyrirheit um undraverðan árangur.

Vélstjórar til sjós og lands hafa verið í fararbroddi þeirrar vösku sveitar sem lagt hefur grunninn að hagsældinni sem íslensk þjóð hefur öðlast. Með hæfni og kunnáttu hafa vélstjórar gert áhöfn þjóðarskútunnar kleift að auka verðmæti aflans, beisla orkuna úr iðrum jarðar og fossandi fallvötnum, og gera framleiðslu í iðnaði og vinnslu stórvirkari en nokkur hefði trúað á fyrri tíð.

Í vestfirsku sjávarþorpi kynntist ég því ungur hvernig vélstjóramir ruddu brautina til nýrra atvinnuhátta og betra mannlífs og uppskáru virðingu og aðdáunar íbúa fjarðarins. Sú mannlífsmynd er mér táknrænn vitnisburður um framlag vélstjóra til framfara Íslendinga á þeirri einstæðu öld sem senn er öll.

Ég færi Vélstjórafélagi Íslands heillaóskir á merku afmælisári og flyt ykkur alúðarþökk íslenskrar þjóðar.